



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
B.t. velferðarnefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2024

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um sorgarleyfi (stuðnings við kjarasamninga), 910. mál

Alþýðusambandi Íslands (hér eftir ASÍ) hefur borist umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd vegna framangreinds þingmáls. Um er að ræða breytingar sem eru tilkomnar vegna aðgerðarpakka ríkisstjórnar, "Vaxandi velsæld" í tengslum við undirritun kjarasamninga vorið 2024. Er þannig kveðið á um hækkun hámarksgreiðslna fæðingarorlofs ár hvert til ársins 2026, frá 600 til 900 þúsund króna.


Líkt og ASÍ hefur ítrekað bent á síðustu ár hefur hámarksgreiðsla fæðingarorlofstekna ekki tekið hækkunum frá árinu 2019, og hafði fram til þess tekið hækkunum með óreglulegum hætti. Því er fagnaðarefni að hluti aðgerðarpakka stjórnvalda verði þannig settur í framkvæmd þá þegar, en var þess getið að slíkt yrði gert frá 1. apríl sl. Frumvarpið er helst lagatæknislegs eðlis, enda hafa hækkunar hámarksgreiðsla fæðingarorlofs verið gerðar í gegnum reglugerðarheimild ráðherra sem er að finna í 54 gr. laga um um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020. Er ekki gerð athugasemd við þá aðferð sem mælt er fyrir um hér í ljósi framangreindrar reglugerðarheimildar. Hins vegar er varnagli settur fram við þá aðferð að seinni hluti aðgerðarpakka stjórnvalda sem nær til árána 2025 og 2026 verði gerður á grunni reglugerðar sökum þess að reglugerðarheimild nær aðeins til hækkunar með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála, með undantekningu ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Mikilvægt er að tryggja að framangreindar hækkunar komi til framkvæmda. Það getur valdið vafa hvort að reglugerðarheimild nái eins langt og lofaðar fjárhæðir eru.

Þá er mikilvægt að áfram verði haldið fram á við að loknum aðgerðum ríkisstjórnar og að hámarksgreiðslur fæðingarorlofs taki nauðsynlegum breytingum til samræmis við þróun launa og verðlags. Tryggja þarf að ekki verði fallið í sama farið og áður hefur verið enda stuðlar þróun þessi að aukinni töku fæðingarorlofs og þannig tengslamyndun barns og foreldris, auk þess að stuðla áfram að jafnræði kynjanna og beggja foreldra til töku orlofs.

Þá er tekið undir það að nauðsynlegt er að gera sambærilegar breytingar á lögum sorgarleyfi nr. 77/2022, og þannig tryggja stöðu beggja hópa sem þurfa að hverfa tímabundið frá vinnumarkaði.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarp þetta. Mikilvægt er að frumvarp þetta nái fram að ganga til að stuðla að stöðugleika til samræmis við nýgerða kjarasamninga og velsæld.

Fyrir hönd Alþýðusambands Íslands,


Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfr.